

Malbikunarstöðin Höfði hf. (vegna Álhellu 34)
Elín Ásgeirsdóttir
Sævarhöfða 6 - 10
112 Reykjavík

Reykjavík, 30.12.2021
UST202103-049/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 - Malbikunarstöðin Höfði - Kapelluhraun - Áður Munck – Álhellu 34

Þann 7.12.2021 fór fram eftirlit í malbikunarstöð Höfða að Álhellu 34 (áður malbikunarverksmiðja Munck Ísland ehf., Álhellu 18). Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlit en átta eldri frávik eru enn opin. Tímasett úrbótaáæltun er í gildi og verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Rekstraraðila var bent á að í samræmi við grein 3.7 í starfsleyfi skulu áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílspalla) fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengist olíuskilju og sandfangi.

Eins var bent á að olíuskiljur þola einungis takmarkað gegnumstreymi áður en virkni þeirra skerðist og vatnsstraumur getur farið að hrífa með sér olíu úr söfnunarhólfi skiljunnar og út í fráveitukerfið. Því þarf að hanna yfirborð svæðisins m.t.t. afkastagetu olíuskiljunnar.

Rekstraraðili hefur sent lista yfir olíugeyma sem verða í notkun í verksmiðjunni. Ef breytingar verða er rekstraraðila bent er á að uppfæra listann og senda Umhverfisstofnun afrit af gögnunum.

Virðingarfyllt,

Gottskálk Friðgeirsson

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar-, Garðabæjar- og Kópavogssvæðis